

Áherslur í ríkisrekstri fyrir árið 2024

Áherslur í ríkisrekstri lúta að betri opinberri þjónustu, sjálfbærum rekstri og stefnumiðaðri mannauðsstjórnun. Í tengslum við áherslurnar standa stofnunum til boða tól, sem tilgreind eru að neðan, til að ná fram auknum árangri í starfsemi sinni með bættri þjónustu við samfélagið sem jafnframt ættu að geta verið grundvöllur hagræðingar í rekstri.

Betri opinber þjónusta

- Taki stafræn skref í samvinnu við [Ísland.is](#).
- Skoði fjárfestingarframlag við endurnýjun eldri upplýsingatæknikerfa.
- Nýti skýjaþjónustur meðal annars í gegnum samning um skýjaþjónustu.

Sjálfbær rekstur

- Taki græn skref í ríkisrekstri og tryggi virka umhverfisstjórnun.
- Auki sjálfvirkni ferla og hagnýtingu gagna m.a. í gegnum samræmdan skrifstofuhugbúnað ríkisins.
- Auki þekkingu starfsfólks á innkaupum í gegnum innkaupaskólann.

Stefnumiðuð mannauðsstjórnun

- Viðhafi stefnumiðaða mannauðsstjórnun og nýti mannauðstorg ríkisins.
- Útbúi starfsþróunaráætlun fyrir markvissa og stefnumiðaða þjálfun og fræðslu sem tekur mið af framtíðarþörfum stofnana.
- Skoði þátttöku í stafrænni hæfnikönnun og nýti endurmenntunarsjóði til framþróunar mannauðs.